

Skólanefndarfundur haldinn kl. 17:00 miðvikudaginn 9. febrúar 2011 í Ráðhúsinu.
Mættir voru: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Sigurður Bjarnason, Hrefna Frímansdóttir, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans, Haukur Garðarsson, Áslaug Kristjánsdóttir, Karín Rut Bæringsdóttir fyrir hönd foreldrafélags grunnskólans, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans, María Magnúsdóttir fulltrúi foreldrafélags leikskólans og Elín Guðrún Pálsdóttir fulltrúi kennara leikskólans sem ritaði fundagerð.

Skólanefndarfundur 9. febrúar 2011

I. Skýrsla skólastjóra leiksskóla Stykkishólms

1. Barnafjöldi:

Aðlaganir halda áfram, 4 börn byrjuð í janúar og febrúar svo er von á 4 börnum í mars.
Eitt barn tókum við inn fyrir vegna heimilisaðstæðna sjá fylgiskjal 1.

2. Starfsdagur:

Við ætlum að taka ½ starfsdag 18. febrúar, þar verður farið yfir skyndihjálp, leiðbeinandi verður Einar Strand.

3. Daglegt leikskólastarf:

Farið er að huga að öskudegi, sem er mikill hátíðisdagur hér. Svo eru fyrirhugaðar skiptinemaheimsóknir milli grunnskóla og leikskóla.

4. Foreldrasamstarf:

Foreldrakaffi var föstudaginn 4. febrúar í tilefni af degi leikskólans. Góð mæting var hjá foreldrum og áttu foreldrar börn og starfsfólk ánægjulegan morgun.

5. Innritunarreglur:

Fylgiskjal 2. Innritunarreglur, breytingar eru auðkenndar með öðru lettri.

6. Sumarlökun:

Ef leikskólinn á að standast fjárhagsáætlun þessa árs þá þarf að loka í sumar eins og áður. Ég mæli með því að loka í 24 virka daga.

Umræður urðu í nefndinni vegna sumarlökunar leikskólans og hvernig henni væri best háttað. Að lokum var samþykkt að skólanefnd sendi bæjarstjórn bréf með ályktun vegna þessa máls.

II. Skýrsla skólastjóra GSS

1. Febrúarpunktur
2. Drög að skóladagatali GSS 2011 – 2012 var kynnt fyrir nefndarmönnum.
3. Skólaráð GSS. Fundur var hjá skólaráði þar sem farið var yfir uppeldi til ábyrgðar og drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2011-2012.
4. Uppeldi til ábyrgðar, staðan í dag. Bekkjarsáttmálar langt komnir
5. Önnur mál.
 - a. Fyrirspurn kom um hvort farið yrði að Laugum með 8. bekk. Skólastjóri svaraði að sú ferð eins og skíðaferð 7. bekkjar og Danmerkurferð væri ákvörðun foreldra og ætti eftir að funda með foreldrum um þessar ferðir.
 - b. Umræða á meðal nefndarmanna um mikilvægi þess að allir skólarnir þrír reyndu eftir fremsta megni að samræma starfsdaga sína. Skólastjórar ákváðu að hittast og samræma þá áður en lokadagatal yrði gefið út.

III. Önnur mál

Til kynningar:

I. Umræðufundur um PISA – Sent í pósti til fræðslunefndar og skólastjóra og áheyrnarfulltrúa

Ný fundaröð um niðurstöður PISA 2009 hófst 25. janúar 2011 með umræðufundi um skýrslu OECD og lesskilningsverkefni. Fundirnir eru haldnir í sal Námsmatsstofnunar, Borgartúni 7A.

Á meðfylgjandi slóð má finna upptökur af þessum fyrsta fundi og skyggjur.
http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa_umraduf/umraduf_09.html . Smellið á titil erindis til að sjá skyggjur og á merkið þar við hliðina til að sjá upptöku.

II. NÁMSKEIÐ FYRIR SKÓLANEFNDIR VORIÐ 20118.

Föstudaginn 8.apríl verður námskeið fyrir fulltrúa í skólanefnd haldið í

Menntaskólanum í Borgarnesi kl.13:00 – 17:30

Formaður hvetur til þess að einhverjir af fulltrúum í skólanefnd sjái sér fært um að mæta.

Næsti fundur er 9. mars.

Fundi slitið kl. 18:08.

Fundargerð ritaði Elín Pálsdóttir